

Samþykkt á 28. aðalfundi Landssambands smábátæigenda

Stjórn fiskveiða

Auknar veiðiheimildir í ýsu

Aðalfundur LS skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að auka nú þegar ýsukvóta í 50 þúsund tonn og hækka hlutdeild krókabáta í 25% af heildarúthlutun sem er í samræmi við veiðar þeirra undanfarin ár.

Greinargerð:

Fundurinn er sannfærður um að Hafrannsóknastofnunin er á algerum villigötum varðandi mælingar sínar á stærð ýsustofnsins. Sú aðferðafræði sem stofnunin notar við þær mælingar stangast á við alla heilbrigða skynsemi. Fyrir það fyrsta er aðferðinni með öllu fyrirmunað að mæla nokkurn skapaðan hlut þegar komið er á grunnslóðina og hvað þá inn á flóa og firði.

Í því sambandi bendir fundurinn á að til margra ára hefur verið himinn og haf á milli mælinga Hafrannsóknastofnunarinnar annars vegar og reynslu sjómanna sem stunda ýsuveiðar á grunnslóð hins vegar. Þekkingu sína byggja sjómenn á áratuga reynslu sinni við störf sín á grunnslóðinni, en vísindamenn á niðurstöðum úr togararalli.

Undanfarin ár hafa krókabátar veitt um fjórðung ýsunnar á Íslandsmiðum, en raunveruleg hlutdeild þeirra er mun lægri. Handhafar þeirra ýsuveiðiheimilda sem dekkjað hefur mismuninn nota þær til að leigja frá sér, og þá iðulega svo seint á fiskveiðiárinu að verðið er komið út úr öllu korti.

Það er krafa fundarins að stjórnvöldið viðurkenni raunverulega veiðihlutdeild krókabáta í ýsuveiðunum og tryggi þeim hana nú þegar.

Auknar veiðiheimildir í þorski

Aðalfundur LS skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að auka nú þegar þorskkvóta í 230 þúsund tonn

Byggðakvóti

Aðalfundur LS vill að byggðakvóti verði aflagður í núverandi mynd, þess í stað verði hann settur sem ívilnun fyrir dagróðrabáta sem eiga heimahöfn í viðkomandi byggðalögum og landa þar, (þ.e. byggðalögum sem úthlutað er frá ráðuneytinu eftir þar til gerðum reglum).

Línuívilnun

Aðalfundur LS samþykkir að línuívilnun nái til allra dagróðrabáta, óháð beitingaraðferð.

Greinargerð.

Forðast ber reglur sem halda aftur af eðlilegri þróun og leiða til stöðunar í greininni.

Strandveiðar svæðaskipting

Aðalfundur LS gerir tillögu að breytingum á núgildandi reglum um strandveiðar.

- a. Strandveiðibátum verði heimilt að veiða alls 2.594 tonn að ufsa sem teljist ekki til viðmiðunar. Aflamagnið er samanlagður afli strandveiðibáta 2011 og þess ufssafla sem brann inni í krókaafلامarsskerfinu að meðaltali síðastliðin tíu fiskveiðiár.
Við ufsaveiðar minnkar sókn í þorsk og því um óverulega aflaukningu að ræða.
- b. Hvati til aukinnar sóknar í ufsa yrði með því að hafa þorskígildisstuðul á honum 0,30 í stað 0,73.
- c. Að eignarhlutur í strandveiðibát verði að lágmarki 25% þannig að viðkomandi uppfylli ákvæði laganna um lögskráningu sem er forsenda fyrir strandveiðaleyfi 2013.

Eftirfarandi undantekningar verði á ákvæðinu:

1. Vegna veikinda eða slysa eiganda sem leiða til þess að viðkomandi getur ekki róið.
2. Þegar barn eiganda rær, enda sé eignarhald báts á einni hendi eða að jöfnu í eigu foreldra.
3. Þegar einn hlutur jafnra eignarhluta er minni en 25%, enda vandséð hvernig hægt verði að róa þeim bát þegar fleiri en fjórir eiga í hlut.

Strandveiðikerfi til framtíðar

LS skori á stjórnvöld að gefa strandveiðar frjálssar með þeim takmörkunum sem nú eru:

- 4 dagar í viku
- hver dagur 14 klst.
- 650 þorskígildis kíló að hámarki hvern dag
- 4 rúllur hver bátur
- 4 mánuðir á ári
- veiðitímabil: maí - ágúst.
- svæðaskipting verði óbreytt
- að afli í strandveiðikerfinu verði utan aflahlutdeildar

Meðafli

Aðalfundur LS vill að krókaaflamarksbátar og aflamarksbátar í dagróðrum fái keilu, löngu og karfa utan kvóta upp að 15-20% af heildarveiði hvernar tegundar hjá viðkomandi bát.

Úthlutun í þorskígildum

Aðalfundur LS skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að skoða til hlítar þá aðferðafræði að úthluta veiðiheimildum til smábáta í þorskígildum í stað núverandi fyrirkomulags.

Geymsluréttur og veiði næsta árs

Aðalfundur LS leggur til að leyft verði að veiða 15% af aflaheimildum næsta fiskveiðiárs í stað 5% (eins og leyft er að flytja 15% til næsta árs)

Aflareglur

Aðalfundur LS að mótmælir því harðlega að tekin verði upp aflaregla í ýsu og ufsa.